



Mímir

símenntun

SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2025

Mímir-símenntun

Höfðabakki 9
110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Almenn stefna og markmið.....	2
Mannauður.....	2
Innra mat skólans	3
Langtímaáætlun.....	3
Ársáætlun um innra mat.....	3
Helstu umbótaverkefni ársins 2025	4
Stafrænt umhverfi og tæknilausnir	4
Gervigreind og nýting tækninnar.....	4
Þróun gæðakerfis og verklags.....	4
Mannauður og skipulag.....	4
Mælingar og endurgjöf.....	4
Ytra umhverfi og aðlögun	4
Aðrar aðgerðir til úrbóta.....	5
Lokaorð.....	5

Inngangur

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alpýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Þá starfar Mímir samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og barnamálaráðuneytis til að annast framhaldsfræðslu.

Mímir er í Símennt, samtökum fræðslu og símenntunarmiðstöðva, ásamt 10 öðrum símenntunarmiðstöðvum sem vinna að símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi. Þær leggja áherslu á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana um mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi. Innan Símenntar er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna. Aðilar að samtökunum hafa samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Almenn stefna og markmið

Meginmarkmið Mímis er að skapa tækifæri til náms fyrir fullorðið fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Enn fremur að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, einnig náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins.

Mannauður

Fastráðnir starfsmenn Mímis eru að jafnaði í kringum 20 ár hvert, 90% þeirra eru háskólamenntaðir sérfræðingar. Kennslu annast verkefnaráðnir leiðbeinendur með kennaramenntun og/eða menntun í því fagi sem þeir kenna.

Starfsfólk	2023	2024	2025
Rekstrarsvið	21	20	21
Verktakar í kennslu	135	145	145

Fjöldi starfsmanna og verktaka hjá Mími, þróun árána 2023 til 2025.

Stjórn Mímis er tilnefnd af Miðstjórn ASÍ og kjörin á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn er árlega í maí. Stjórnin starfar samkvæmt lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994. Stjórnarfundir eru reglulegir. Framkvæmdastjóri er Sólveig Hildur Björnsdóttir og stýrir hún daglegum rekstri. Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir stjórnarformaður, Selma Kristjánsdóttir meðstjórnandi, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Eyþór Árnason meðstjórnandi og Georg Páll Skúlason meðstjórnandi. Varafulltrúar í stjórn eru Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, Sigrún Björg Guðmundsdóttir og Hilmar Harðarson.

Innra mat skólans

Langtímaáætlun

Langtímaáætlun um innra mat var gefin út fyrir tímabilið 2025–2028 og tekur til lykilþátta í starfsemi Mímis. Áætlunin felur í sér markvissa uppbyggingu verklags, styrkingu gæðakerfis og þróun stoðkerfa með það að markmiði að styðja við gæði þjónustu og rekstraröryggi.

Árið 2025 var lögð áhersla á að hefja og setja í farveg þau verkefni sem skilgreind voru í langtímaáætlun en þau voru útfærð nánar í ársáætlun.

	2025	2026	2027	2028
Fræðsla	x		x	
Þróunarverkefni	x			
Náms- og starfsráðgjöf	x	x		x
Raunfærnimat		x	x	
Kennslukönnun	x	x		
Vinnustaða- og verktakakönnun		x	x	
Gervigreind	x	x		
Vefsíða	x	x	x	
Upplýsingatækni	x			
Rekstur	x	x	x	
Áhættugreining		x		
Stefna	x	x		
Handbækur	x	x	x	x
Stjórnun	x			

Langtímaáætlun um innra mat.

Ársáætlun um innra mat

Ársáætlun um innra mat fyrir árið 2025 tekur til umbótaverkefna sem styðja við stefnu Mímis um gæði, skilvirkni og þróun starfseminnar. Helstu verkefni ársins lutu að þróun og útgáfu verklagsreglna, eflingu stafræns umhverfis, uppbyggingu gæðakerfisins og bættum mælingum í þjónustu.

Helstu umbótaverkefni ársins 2025

Stafrænt umhverfi og tæknilausnir

Á árinu 2025 var lögð aukin áhersla á áframhaldandi þróun stafræns starfsumhverfis. Vinna hófst við að samræma betur kerfi Mímis og bæta öryggi og aðgengi að gögnum, meðal annars með undirbúningi flutnings yfir í Microsoft-umhverfið í samræmi við stafræna stefnu fyrirtækisins. Einnig var unnið markvisst að þróun og uppsetningu nýrrar vefsíðu ásamt endurnýjun á ásýnd Mímis.

Gervigreind og nýting tækninnar

Á árinu var unnið að undirbúningi á nýtingu gervigreindar í starfsemi Mímis. Áhersla var lögð á að leggja grunn að frekari þróun á sviðinu, meðal annars í tengslum við uppbyggingu stafræns umhverfis og gagnaöryggi og aðgengi.

Þróun gæðakerfis og verklags

Áfram var unnið að uppbyggingu gæðakerfis Mímis í samræmi við ISO9001 gæðastaðalinn, með áherslu á skýrara verklag, útgáfustýrð skjöl og aukið samræmi í vinnubrögðum, samhliða núverandi gæðavottun.

Sérstök áhersla var lögð á að festa umbótaverkefni í ferli og tryggja að niðurstöður rýni stjórnenda leiddu til markvissra aðgerða.

Mannauður og skipulag

Áfram var unnið að því að efla teymisvinnu og tryggja samræmi í framkvæmd lykilverkefna á árinu. Einnig hófst endurskoðun á innri verkferlum varðandi mannauðsmál til samræmis við ISO9001.

Mælingar og endurgjöf

Á árinu hófst undirbúningur að þróun mælitækja til að meta gæði þjónustu með áherslu á kennslukannanir og aðrar ánægju- og þjónustumælingar. Markmiðið er að styrkja gagnaöflun og nýtingu niðurstaðna til umbóta.

Niðurstöður kannana sýna að ánægja nemenda er áfram mikil og yfir settum gæðamarkmiðum fyrirtækisins. Það endurspeglar faglega framkvæmd náms og þjónustu.

Ytra umhverfi og aðlögun

Brugðist var við breytingum í ytra umhverfi á árinu, sérstaklega þróun sem snýr að upplýsingatækni, gervigreind og netöryggi.

Innra mat og rýni stjórnenda var nýtt til að greina áhrif þessara breytinga og móta viðeigandi viðbrögð, meðal annars með skilgreiningu nýrra umbótaverkefna og áherslna til næstu ára.

Aðrar aðgerðir til umbóta

Í kjölfar rýni stjórnenda voru skilgreind umbótaverkefni sem sett voru í formlegt umbótaferli og byggjast á frálagi fundarins. Verkefnin snúa meðal annars að áframhaldandi þróun gæðakerfis, samræmingu verklags og aukinni yfirsýn yfir starfsemina.

Áhersla er á markvissa eftirfylgni, skýra ábyrgð og reglulega endurskoðun verkefna í samræmi við innra mat.

Lokaorð

Sjálfsmatið gefur góða mynd af umbótastarfi Mímis á árinu 2025 þar sem megináhersla var lögð á uppbyggingu, þróun og styrkingu innviða starfseminnar. Árið einkenndist af markvissri vinnu við að efla gæðakerfi, stafrænt umhverfi og verlag með það að markmiði að styðja við gæði og skilvirkni í þjónustu. Þá var unnið að fjölbreyttum umbótaverkefnum, meðal annars með þróun stafrænnar umgjörðar, þar sem uppsetning nýrrar vefsíðu og endurnýjun á ásýnd Mímis skipaði veigamikinn sess. Sú vinna styður við aukið aðgengi og netöryggi, skýrari miðlun upplýsinga og bættan sýnileika starfseminnar. Teymisvinna starfsfólks var lykilþáttur í þessari þróun og hefur stuðlað að markvissri framvindu verkefna og áframhaldandi uppbyggingu.

Mímir-símenntun leggur áherslu á að styrkja stöðu sína og þróa starfsemi sína með áherslu á gæði, aðgengi og fagmennsku í þjónustu við fullorðið fólk.

